

- 157 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 8. september 1931  
1. sept. til þess að öðlast gildi 15. september 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1939.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

- 158  
2. sept.

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns.

1. gr.

Eigendum og umráðamönnum benzinbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar. Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagsins).

Atvinnumálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar það telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarar notkunar en bifreiðaaksturs er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar atvinnumálaráðuneytisins meira en venjulegan vikuforða hlutaðeiganda.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

*Í ríkisstjórn Íslands, 2. september 1939.*

**Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson.**

- 159  
4. sept.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.  
frá 2. nóvember 1917.

1. gr.

Inn í 7. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum „kringumstæður leyfa“ bætist: Hreppsnefndum er heimilt að ákveða, hvaða leið reka skuli til afréttar.

2. gr.

Inn í 13. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum: „sem fjáreigandi á heimili í“ bætist: Þó skulu fjáreigendur greiða full fjallskil í þeim hreppi, sem búpeningi er